

Mánudaginn 28. marzmán.

Nr. 8/1887

Rjettvísín

gegn

Þorfinni Jónssyni, Magnúsi
 Þorlákssyni, Jóni Magnús-
 syni, Eyjólfí Símonarsyni,
 Lopti Hanssyni, Hólmsfríði
 Loptsdóttur, Guðrúnu Jóns-
 dóttur og Margrjeti Guð-
 mundsdóttur.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Árnassýslu, upp kveðnum 29. okt. f. á., eru hinir ákærðu, Þorfinnur Jónsson, Magnús Þorláksson og Eyjúlfr Símonarson, dæmdir fyrir stórbjófnað og annan þjófnað, hinir 2 fyrnefndu til 2 ára betrunarhússvinnu, en Eyjúlfr til 2 ára og 6 mánaða betrunarhússvinnu; hinn ákærði Jón Magnússon er fyrir þjófnað og meinsæri dæmdur til 2 ára og 6 mánaða betrunarhússvinnu; hinn ákærði Loptur Hansson er fyrir hlutdeild í þjófnaði dæmdur í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Hinar meðákærðu, Hólmsfríður Loptsdóttir, Guðrún Jónsdóttir og Margrjet Guðmundsdóttir, voru dæmdar sýknar af ákærum rjettvísinnar í sökinni. Hinir ákærðu voru dæmdir til að greiða iðgjöld, eins og nú skal greina :

Þorfinnur, Magnús, Eyjúlfr og Jón greiði	
<i>in solidum</i>	Kr. 475,95
Þorfinnur, Magnús og Loptur sömuleiðis <i>in</i>	
<i>solidum</i>	— 23,52
Eyjúlfr og Jón sömuleiðis <i>in solidum</i>	— 14,00
	<hr/>
	Flyt Kr. 513,47

	Fluttar	Kr. 513,47
Þorfinnur, Magnús og Eyjúlfulur sömuleiðis		
<i>in solidum</i> ;	—	14,00
Eyjúlfulur greiði ennfremur	—	161,75
Jón Magnússon sömuleiðis	—	78,50
Þorfinnur sömuleiðis	—	8,75
Magnús sömuleiðis	—	0,60

Samtals Kr. 777,07

Í dómnum er þetta rangt samantalið	—	776,71
og eiga iðgjöldin að lúkast til eptirnefndra:		
Til verzlunar J. R. B. Lefolii á Eyrarbakka	—	355,48
— G. Guðmundssonar lækni	—	130,38
— G. Guðmundssonar bókbindara	—	5,00
— S. Magnússonar á Kópavatni	—	2,00
— Þ. Egilssonar í Hafnarfirði	—	8,00
— Jóns Ívarssonar í Reykjavík	—	0,50
— Jóhanns snikkara á Eyrarbakka	—	0,25
— Jóns Árnasonar í Þorlákshöfn	—	0,60
— B. Helgasonar á Vogu	—	62,00
— Tierney kaupmanns í Reykjavík	—	2,00
— Erlendar í Holtakoti	—	14,00
— Runólfs á Áshól	—	10,00
— Jóns Einarssonar í Vorsabæ	—	14,00
— Helga Jónssonar í Árbæ	—	2,00
að Óseyrarnesi í Stokkseyrarhreppi	—	14,00
Til sýslusjóða Árness- og Rangárvallasýslna		
til jafnra skipta	—	156,50

Samtals Kr. 776,71

Um málskostnað er svo dæmt í hinum áfrýjaða dómi, að Þorfinnur, Magnús, Eyjúlfulur og Jón eiga *in solidum* að greiða allan þann kostnað, er af málinu hefur leitt fyrir þeirra hönd, þar með talin málsvarnarlaun

til svaramanns þeirra fyrir undirrettinum, 6 kr. fyrir hvern þeirra; Loptur á að greiða málskostnað að til-
tölu fyrir sína hönd, þar með talin málsvarnarlaun til
svaramanns í hjerði 6 kr.; kostnaður sakarinnar, að því
er snertir hinar meðákærðu, Hólmsfríði, Guðrúnu og
Margrjeti, þar með talin málsvarnarlaun til svaramanns,
6 kr. fyrir hverja þeirra, á eptir fyrirmælum dómsins
að greiðast úr opinberum sjóði.

Dómi þessum hafa hinir ákærðu, Þorfinnur Jónsson og
Loptur Hansson, óskað áfrýjað til yfirdómsins, en hlutað-
eigandi amtmaður hefur rjettvísinnar vegna áfrýjað dóm-
inum í heild sinni, að því öll hin ákærðu snertir.

Það er með eigin játningu hinna ákærðu, Þorfinns
Jónssonar og Magnúsar Þorlákssonar, og öðrum skýrsl-
um í málinu löglega sannað, að þeir fóru frá Laugar-
dælum, þar er þeir voru vinnumenn, niður að Eyrar-
bakka að kvöldi dags hinn 2. febrúar f. á., í því skyni
að stela úr verzlunarbúð Lefoliis þar á staðnum; höfðu
þeir á undan komið sjer saman um að fremja þjófnað
þennan; þeir tóku með sjer skaröxi, er húsbóndi þeirra
átti. Þeir komu ofan á Eyrarbakka um miðnætti,
sprengdu með öxinni hlera frá glugga í verzlunarbúð-
inni, brutu rúðu í glugganum, opnuðu gluggann og fóru
inn um hann í búðina, kveyktu þar ljós, fóru inn í
næsta herbergi, upp á lopt, og stálu ýmsum búðarvarn-
ingi, svo sem dúkum, tóbaki, sykri, brauði, hnífum,
speglum, þjölum, treslum, ljerepti, sjöllum, stígvjelum,
skyrtum, klútum, sápu, smjöri o. fl., sem þeir ljetu of-
an í 2 poka, er þeir einnig tóku í búðinni. Þeir fóru
út úr húsinu sömu leið og þeir komu inn í það, og
höfðu pokana með sjer; tók þá Þorfinnur skíðasleða, er
hann fann í bæjarþorpínu á Eyrarbakka, og óku þeir

þýfinu um nóttina á sleða þessum heim að Laugardælum og fólu það þar í heyi í heygarðinum. Síðar tóku þeir þýfið þaðan og geymdu það um stund í Coghillsrjett, þaðan var það aptur flutt í heygarðinn, þaðan nokkru seinna að Reykjavöllum til hins meðákærða Eyjúlfs Símonarsonar; síðast var það falið í Laugardælatúngarði, og þar fannst það, sem eptir var órádstafað af þýfinu, þegar þjófnaðurinn var orðinn uppvis; voru þá munir þessir allir meira og minna skemmdir. Það sem þeir Þorfinnur og Magnús stálu úr Eyrarbakkabúð við þetta tækifæri hefur verið virt á 338 kr. 48 aura; skíðasleðinn var virtur á 4 kr.,—en honum kom meðákærði Jón Magnússon gegn um vök í Ölfusá—, og skemmdir á saumamaskínu, er þeir felldu niður í búðinni, meðan þeir voru að stela þar, eru metnar á 4 kr.

Meðan á rannsókninni út af innbrotsþjófnaði þessum stóð, sannaðist það með eigin játningu hins ákærða, Þorfinns Jónssonar, og ýmsum öðrum skýrslum, að hann hefur gjört sig sekan í afbrotum þeim, er nú skal telja. Hann var í verki með hinum ákærða Jóni Magnússyni haustið 1885, að stela gömlum sauð í Laugardæla-landi, eign Jóns Einarssonar í Ossabæ; slátraði Jón Magnússon síðan sauðnum og hagnýtti sjer hann. Ásamt Magnúsi Þorlákssyni hefur Þorfinnur stolið frá húsbónda þeirra, Guðmundi lækni Guðmundssyni, 4 eða 5 lömbum og 2 sauðum fullorðnum; lömbin gáfu þeir Eyjúlfi Símonarsyni, sauðina færðu þeir Lopti Hanssyni, og slátraði hann þeim í þarfir þeirra allra sameiginlega. Árið 1884 stal Þorfinnur úr sjálfs síns hendi nálægt því 20 kr. af ferjupeningum, en þeim átti hann þá að veita móttöku fyrir húsbónda sinn. Frá því árið 1884 hafa þeir Þorfinnur og Magnús í fjelagi stolið ýmsum mun-

um frá húshónda þeirra, svo sem löxum, skinnum, söltuðum þorskum, rúg og grjónum, nokkrum pundum af ull, 1 borði, 2 plönkum, 2 sperrukjálkum og fleiri spítum, lambsbjórum, saudargæru, matarlýsi, steinolíu, 4 pottum af hvorju, um 8 mörkum af mör, spaðkjöti, gæruskinni, og ýmsu fleiru. Sumt þetta fjekk Eyjúlfr Símonarson, sumt Loptur Hansson. Pennaskapti úr silfri stal Þorfinnur frá húsbónda sínum. Vínflösku og tóbakspung stal hann ásamt Eyjúlfi frá vinnumanni Sigurðar Magnússonar á Kópavatni. Malpoka stal hann í febrúar 1885 á Eyrarbakka; voru í honum kökur, kjöt, smjör, sokkar o. fl.; voru þeir þá með honum, Magnús, Eyjúlfr og Jón Magnússon; átu þeir allir saman matinn; þó þá fjekk Eyjúlfr, en Þorfinnur og Magnús sokkana. Nokkru fyrir stal hann þrem treflum, og segir að Magnús hafi verið með í því verki. Rjett fyrir þorra 1886 stal hann úr kjallara á Eyrarbakka 1 flösku af víni, 2 rötastykkjum og 1 pd. smjörs. Á þorra 1885 stálu þeir fjelagar, Þorfinnur, Jón og Eyjúlfr, jakka á Eyrarbakka, tilheyrandi Jóni í Norðurkoti, og lenti hann hjá Þorfinni á endanum. Þá stálu þeir og í fjelagi 9—10 frediðnum ísum. Þeir Þorfinnur og Jón stálu þá og undirdekki úr húsi Guðmundar bókbindara Guðmundssonar, og lenti það hjá Jóni. Þorfinnur og Magnús stálu þá og á Murn-eyrum einni flösku af brennivíni, og ólarbelti; þá stal og Þorfinnur kjötstykki úr húsi Guðmundar bókbindara, og átu þeir fjelagar það í sameiningu. 10 æðareggjum stal Þorfinnur úr eyjunni (Laugardælaeyju?), og seldi þau á Eyrarbakka. Vorið 1885 stal hann úr búð þ. Egilssonar í Hafnarfirði olíubuxum og olíukápu; spörjárnir stal hann frá Jóhanni

snikkara, 10 pd. tólgar og leðurskæðum frá Guðmundi lækni, auk þess sem áður er talið, ennfremur 7 pd. af smjöri úr Eyrarbakkabúð (kjallaranum); gleraugum stal hann frá Jóni nokkrum Ívarssyni. Þorfinni var og fullkunnugt um, að Eyjúlfr stal 2 sauðum veturgömlum í Laugardæla-högum haustið 1885 (Óseyrarness-sauðunum), og afhenti þá Jóni Magnússyni upp í skuld, án þess þó að sjæð verði, að Þorfinnur hafi átt annan frekari þátt í þessum þjófnaði.

Hinn ákærði Magnús Þorláksson er eptir framanskriðu og samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, jafnsekur Þorfinni í innbrotspjófnaðinum á Eyrarbakka, svo og í þjófnaðinum frá húsbónda þeirra, og í fleiri afbrotum, sem talin eru hjer að framan, (þjófnaðinum á lömbunum, sauðunum, matvælunum, skinnunum, timbri, nestis-malpokanum o. s. frv.), og kemur viðurkenning hans hjer að lútandi í öllu verulegu heim við framburð Þorfinns, nema að Magnús hefur eigi viðurkennt hlutdeild í treflapjófnaðinum, nje heldur í þjófnaðinum á Murneyrum. Auk þessa hefur Magnús kannast við, að hann hafi tekið af Lopti Hanssyni 4 ær rjett eptir ný-ár í fyrra, farið með þær heim að Laugardælum og tekið þær leyfislaust á hey húsbónda síns; gaf hann þeim af heyi hans, þangað til hann fór í verið. Gamla sjóbrók kannast hann við að hafa tekið frá húsbónda sínum og fært Lopti; hafi Þorfinnur verið með í því verki. Fyrir utan rúg og grjón, sem Þorfinnur hefur um getið, kannast hann við að hafa tekið heimildarlaust, en með ráði Þorfinns, 75 pd. af mjöli og 75 pd. af hrísgrjónum af kornvörum, er hann sótti fyrir húsbónda þeirra í kaupstað, og afhenti hann þetta Eyjúlfi Símonarsyni. Hann kannast við, að hann hafi einn stolið 3 löxum frá húsbónda

sínum, en að öðru leyti verið með Þorfinni í laxastuldinum. Honum var kunnugt, að sauður, sem Eyjúlful seldi Guðmundi lækni Guðmundssyni, var stolinn, og þáði hann þó hjá Eyjúlfi 4 kr. af andvirði hans. Öskjum með horntölum stal Magnús í Þorlákshöfn sumarið 1885. Hann tók við gleraugunum, sem Þorfinnur stal af Jóni Ívarssyni, sá um sölu á þeim og að Þorfinnur fjekk andvirðið; vissi þó að þau voru stolin; hann sá Þorfinn stela sporjárninu frá Jóhanni snikkara.

Hinn ákærði Jón Magnússon er með eigin játningu og öðrum atvikum orðinn sannur að sök um, að hann hafi tekið til sín til þess að hagnýta sjer ýmsa muni þá, sem þeir Þorfinnur og Magnús stálu úr Eyrarbakka-búðinni. Þetta gjörði hann jafnframt og Þorfinnur sagði honum frá innbrotspjófnadinum, daginn eptir að hann var framinn. Hann tók og við sledanum, sem þýfinu var ekið á upp eptir, og kom honum í vök á Ölfusá. Þýfið, sem Jón tók við, geymdi hann fyrst úti undir barði, en síðan í kistu heima hjá sjer. Hann kannast við, að hann hafi fengið frá Eyjúlfi Simonarsyni upp í skuld 2 sauði veturgamla; hafi hann látið slátra sauðunum og hagnýtt sjer þá, þótt honum þá hafi verið það vitanlegt, að Eyjúlful hafði stolið þeim. Hann kannast við, að hann hafi í Laugardæla-landareign stolið sauð, tilheyrandi Jóni Einarssyni í Ossabæ, slátrað honum og hagnýtt sjer hann, eins og Þorfinnur hefur borið fram. Ennfremur viðurkennir Jón, að hann hafi verið í meðverknaði með Þorfinni um stuldi þá, sem Þorfinnur hefur frá skýrt, að þeir hafi framið á Eyrarbakka á smjöri, víni (1 flösku), export, freðnum ísum, hangikjöti, undirdekki og jakka, ennfremur malpoka

með nesti í. Ýmislegt hefur hann fengið hjá þeim Þorfinni og Magnúsi, er hann vissi að þeir höfðu stolið frá húsbónda þeirra, mestmegnis matvæli. Á góu 1885 stal hinn ákærði yfirfrakka úr forstofu hjá Eyjúlfi Þorkelsyni í Reykjavík, faldi hann fyrir ofan bæinn, og fjekk hann ekki síðar, með því að ferðamenn fundu hann. Í sama mund stal hann hatti í búð Tierney kaupmanns í Reykjavík. Þegar hann var 21 árs, stal hann handskrúfstykki á Ísabakka frá Ögmundi Þórarinssyni. Seinna var hann vinnumaður og sauðamaður hjá Oddi Eyjúlfsyni á Sámstöðum; hýsti hann þá liðugan vikutíma nokkra sauði sambýlismannsins með fje húsbónda síns, og gaf þeim af hans heyi, en án hans leyfis. Árið 1883 flutti Jón til Reykjavíkur frá Laugardælum þoka með sængurfatnaði og öðrum fötum, tilheyrandi Boga Helgasyni frá Vogu; þoka þessum með fötum kom hann eigi til skila, en afhenti hann móður sinni til eignar, án þess þó að taka endurgjald fyrir I. — Hinn 2. desember 1880 ól vinnukona Þuríður Einarsdóttir tvíbura, og lýsti hinn ákærða, Jón Magnússon, föður að þeim. En fyrir lögreglurjetti Rangárvallasýslu, hinn 6. okt. 1881, synjaði hann með eidi fyrir fadernið. Nú hefur hann þvingunarlaust kannast við það, að hann þá hafi gjört sig sek-an í meinsæri, og að eiðurinn hafi verið rangur.

Hinn ákærði, Eyjúlfiur Símonarson, hefur kannast við það og styrkist það við hið annað, sem fram er komið í málinu, að honum hafi verið fyrirfram kunnugt um fyrirætlán þeirra Þorfinns og Magnúsar, að gjöra innbrot í Eyrarbakka, en hinu hefur hann neitað, að hann hafi ætlað að fara þá för með þeim, eða verið ráðinn í hana. Aftur hefur hann viðurkennt, að hið stolna góz hafi verið með vitund sinni geymt á heimili

sínu Reykjavöllum, eins og áður segir, enda hafi hann borið það þangað heim til sín, eins og Þorfinnur hefur frá skýrt. Hinn ákærði kannast við, að hann hafi stolið í haga þeim 2 veturgömlu sauðum, sem áður er um getið, að hann ljet Jón Magnússon fá upp í skuld. Haustið 1885 stal hann ennfremur í heimalandi Reykjavalla 3 kindum tvævetrum, er hann ekki vissi hver átti, en ljet til Ólafs Guðmundssonar á Gljúfri upp í skuld; 2 sauði veturgamla tók hann hjá Reykjavallatúni sama haust, afhenti þá Arnbirni á Selfossi upp í skuld; eigi vissi hann hver þá átti; á Laugardælaheidi stal hann lambi, er hann ljet Helga á Svarfhóli fá; vissi eigi hver átti; þá stal hann á, tilheyrandi Guðmundi lækni í Laugardælum, er þeir Þorfinnur og Magnús slepptu út úr fjárrjettinni; frá hinum sömu fjekk hann og 5 lömb, stolin frá læknum, og vissi Eyjúlfrur það. Fullorðnum sauð, er flækt hafði úr Reykja-rjettum, stal hann úr Laugardælahverfis-fjenu, og seldi Guðmundi lækni hann fyrir 13 krónur; fjekk Þorfinnur 4 kr., Magnús 4 kr. og Eyjúlfrur 5 kr. af andvirðinu. Í rjettum dró hann tvævetran sauð, tilheyrandi Runólfi á Áshól, stal honum, og ljet Þorlák á Reykjavöllum fá hann upp í skuld; lambi stal hann í Reykja-rjettum, er var eign Helga Jónssonar í Árbæ; afhenti það Jóhannesi á Bollastakoti upp í skuld; lambi stal hann og í Reykjavallahögum, er hann eigi þekkti eiganda að, en afhenti það Jósepi á Uppsölum upp í skuld. — Þegar hann var um tvítugt, upp markaði hann lamb, er var annars manns eign, undir mark föður síns; þetta gjörði hann af van-gá, en leyndi því síðar, er hann tók eptir því; eigandinn fjekk lambið aptur. Haustið 1882, er hann var að hálfu vinnumaður hjá Halldóri Hinrikssyni í Hafursholti,

hjálpaði hann húsbónda sínum að handsama og skera vanka-kind, er fannst þar í högunum; kindin var eign Jóns bónda í Helli. Þetta sama haust stal Halldór með vitund Eyjúlfs 15 kindum fullorðnum og veturgömlum, er ýmsir áttu, og hagnýtti Halldór sjer þær, þó þannig að Eyjúlfr fjekk kjöt til heimilisparfa. Þá markaði Eyjúlfr undir sitt mark og eignaði sjer, án vitundar Halldórs, 2 kindur veturgamlar og eina á tvævetra; ein var eign Helga Jónssonar í Árbæ, önnur Sigurðar í Vettleifsholti, um hina þriðju er ókunnugt. Haustið 1883 hjálpaði Eyjúlfr Halldóri að stela og slátra 2 kindum fullorðnum í Hafursholti, og jafnframt markaði Eyjúlfr þar þá eptir tilvísan Halldórs 3 veturgamlar kindur undir mark sitt og rak heim að Reykjavöllum, en þangað var hann þá fluttur; ein kindin var eign Sæmundar Guðbrandssonar á Lækjarbotnum, um hinar ókunnugt. Haustið 1885 kom Eyjúlfr aptur að Hafursholti; stal hann þar þá 3 kindum, nl. 2 veturgömlum sauðum, öðrum tilheyrandi Vigfúsi á Ægissíðu, og 1 lambi, er Filippus á Bjólu átti; vísaði Halldór honum á þessar kindur; án tilvísunar hans stal Eyjúlfr þá fullorðnum sauð, tilheyrandi Erlendi í Arnarholti, er hann síðar seldi Guðmundi lækni; þá stal hann og tvævetrum sauð með brennimarki Vigfúsar í Ási, og skellti af honum brennimarkið. Haustið 1884 kom Eyjúlfr enn að Hafursholti, og stal hann þá eptir tilvísun Halldórs 2 eða 3 kindum, og markaði þær undir mark sitt. Sama haust stal hann tvævetrum sauð úr úrganginum úr Reykja-rjett og ljet hann til Pjeturs á Uppsölum upp í skuld. Sama haust stal hann og lambi, er kom með úrgangi úr Dælarjett, og ljet hann Pjetur einnig fá það. Haustið 1885 stal hann svörtu lambi í Dælarjett og markaði sjer;

þá stal hann og í Reykjavallahögum geldingslambi og markaði undir mark sitt.

Eins og það er viðurkennt af Eyjúlfi, að sumt af því, er þeir Þorfinnur og Magnús stálu í Eyrarbakkabúð, hafi runnið til hans, þannig hefur hann og játað, að hann hafi fengið og hagnýtt sjer ýmislegt, er þeir stálu frá húsbónda sínum og honum var kunnugt um, að var þjófstolið, svo sem laxa, planka, borð, spítur, rúg, grjón, mjöl (þar á meðal hjer um bil 6 skeppur úr kaupstaðarferð Nagnúsar), lýsi, steinolíu o. s. frv. Hann viðurkennir og meðverknað sinn í stuldinum á vínflöskunni og tóbakspungnum, jakkanum, ísunum, hangikjötinu, nestis-malpokanum og undirdekkinu samkvæmt skýrslu Þorfinns.

Það er nægifeга sannað með játningu Lopts Hanssonar og öðrum atvikum, að hann hafi þegið og hagnýtt sjer 2 sauðina, sem þeir Þorfinnur og Magnús stálu frá Guðmundi lækni, og færðu honum. Hann slátraði sjálfur sauðunum og vissi þó, að þeir voru stolnir. Enn fremur hefur hann viðurkennt, að hann hafi fengið frá Laugardælapiltum, í því skyni að hagnýta sjer það, nokkrar ísur, grjón, rúg, lýsisflösku, kálfskinn, skæðaskinn o. fl., allt stolið góz. Ennfremur hefur hann játað, að Magnús hafi tekið af sjer á hey Guðmundar lækni 4 ær, og gefið þeim þar frá því í Þorrabyrjun fram í mið-góu; hafi Magnús boðið sjer þetta og hafi hann þegið það með þökkum, þótt honum væri kunnugt um, að Magnúsi var þetta ófrjálst.

Það er sannað um hina ákærðu: Hólmsfríði Loptsdóttur, vinnukonu Lopts, að henni var kunnugt um, að munir þeir, er Þorfinnur og Magnús færðu Lopti, voru stolnir, enda átaldi hún Lopt fyrir að taka á móti þýf-

inu. Hún matreiddi þó hina stolnu sauði, en einskis neytti hún af þeim. Hvorugt þeirra Lopts eða Hólmsfríðar báðu Laugardælapilta um muni þá, er þeir færðu þeim; þeir komu ótilkvaddir með þá.

Hin ákærða, Guðrún Jónsdóttir, sem er systir Þorfinns og unnusta Jóns Magnússonar, hefur játað, að Þorfinnur hafi gefið henni fatabursta og 2 álnir af loðfóðri; ennfremur hafði hún í vörzlum sínum axlabönd, er hún tók við hjá Jóni Magnússyni. Þegar hún fjekk að vita, að þetta voru stolnir munir, brenndi hún loðfóðrið og axlaböndin, en burstanum hjelt hún. Það er eigi fyllilega sannað í málinu, að hún hafi vitað, að burstinn og loðfóðrið var stolið, þegar hún tók við því, en síðar var það með vitund hennar, að ýmsir stolnir munir, er Jón Magnússon hafði þegið, voru geymdir í kistu hans á Svarfhóli.

Að því er snertir hina ákærðu, Margrjetí Guðmundsdóttur, konu Eyjúlfs Símonarsonar, er það sannað, að með vitund hennar hafi verið geymdur á heimili þeirra hjóna poki með ýmsum munum af Eyrarbakka-þýfinu; henni var að vísu ókunnugt um, að í pokanum væru þjófstolnir munir, þegar hann kom á heimilið, en Eyjúlfr sagði henni það seinna; þegar leitað var á Reykjavöllum eptir hinum stolnu munum, þagði hún um pokann, er þá var þar, fyrir bænastað manns síns. Síðar kom hún því til leiðar, að þýfið var flutt burt þaðan, en eptir urðu hjá henni barnastígvjel og sængurdúkspjatla, og brenndi hún þá þetta hvorttveggja, stígvjelin eptir beiðni Magnúsar Þorlákssonar.

Öll hin ákærðu eru komin yfir lögaldur sakamanna, og ekkert þeirra hefur áður verið dæmt eða sætt refsingu fyrir nokkurn glæp. Afbrot Þorfinns, sem er fædd-

ur 10. júní 1867, heyra undir 230. gr., 231. gr. Nr. 1 og 4, og 256. gr., sbr. 48. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsing sú, er hann hefur til unnið, með hliðsjón af 58. og 63. grein hegningarlaganna, hæfilega metin 3 ára betrunarhússvinna. Afbrot Magnúsar Þorlákssonar, sem er fæddur 18. september 1866, heyra undir 230. gr., 231. gr. Nr. 1 og 4, sbr. 48. gr., í hegningarlögum, og þykir refsingin, með hliðsjón af 58. og 63. gr., einnig fyrir hann hæfilega ákveðin 3 ára betrunarhússvinna. Afbrot Jóns Magnússonar, sem er fæddur 24. marz 1852, heyra undir 111., 146., sbr. 151., 230., 231., 240. og 255., sbr. 48. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsingin hæfilega metin fyrir hann, með hliðsjón af 58. og 63. gr. laganna, 4 ára betrunarhússvinna. Afbrot Eyjúlfs Símonarsonar, sem er fæddur 6. febrúar 1857, heyra undir 230. gr., 231. gr. Nr. 1., 240. gr., 250. gr., sbr. 48., 58. og 63. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir hann og hæfilega ákveðin 4 ára betrunarhússvinna. Afbrot Lopts Hanssonar, sem er fæddur 2. júní 1824, heyrir undir 48. og 56. gr. hinna almennu hegningarlaga, sbr. við 230. og 231. gr. 1. lið sömu laga, og þykir refsingin hæfilega ákveðin fyrir hann 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Hin ákærða Hólmfríður Loptsdóttir, sem er fædd 18. nóvember 1837, hefur með athæfi sínu gjörzt brotleg gegn 56. gr., sbr. við 230. og 231. gr. hegningarlaganna, þar sem hún matreiddi hin stolnu matvæli og sauðina; en með því að hún var vinnukona Lopts, þykir hegningin fyrir hana hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Yfirdómurinn er undirdómaramum samdóma um það, að hinar ákærðu, Guðrún Jónsdóttir, fædd 20. júlí 1864, og

Margrjet Guðmundsdóttir, fædd 1. ágúst 1850, hafi eigi orðið sannar að sök um slíka hlutdeild í þjófnaðinum, er þær eigi að sæta refsingu fyrir, og ber því að sýkna þær, sbr. og 110. og 111. gr. hegningarlaganna. Þó þykir rjett að þær greiði málsvarnarlaun í hjeraði eins og síðar segir.

Að því er snertir greiðslu iðgjalda, hefur Guðmundur læknir Guðmundsson gjört kröfu til þeirra. Það sem frá honum hefur verið stolið er virt á. . . Kr. 136,48
Til skila hefur komið (akt. pag. 246) . . . — 6,10
Eptir Kr. 130,38

Af þessu greiði þeir Þorfinnur, Magnús og Loptur *in solidum* 23. kr. 52 aura, en afganginn greiði þeir Þorfinnur, Magnús, Eyjúlfulur og Jón *in solidum* með Kr. 106,86. Verzlunarstjóri Lefolli-verzlunar á Eyrarbakka hefur lagt fram »Notu« yfir það, sem stolið var úr búðinni nóttina milli 2. og 3. febrúar f. á., að upphæð (að frádregnu andvirði sleðans) . . . Kr. 342,48 og hefur eigi komið fram önnur eða frekari iðgjaldakrafa af hálfu verzlunarinnar en þessi, en af þessu virðist hafa komið til skila, sem nam (akt. pag. 32, 242 og 246) Kr. 54,36
Eptir Kr. 288,12

Þessar 288 kr. 12 aura eiga þeir Þorfinnur, Magnús, Eyjúlfulur og Jón að greiða *in solidum*. Frekari iðgjöld verða eigi dæmd í málinu, með því að þeirra hefur eigi verið krafizt.

Um málskostnað skal svo ákveðið, að Þorfinnur, Magnús, Eyjúlfulur og Jón greiði *in solidum* $\frac{2}{3}$ alls kostnaðarins fyrir undirrjetti og yfirdómi, og Loptur og Hólmsfríður einnig *in solidum* $\frac{1}{3}$, og eru þar með talin máls-

varnarlaun í hjerði fyrir þau 6, er ákveðast 18 kr., og málflytningislaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn 25 krónur til hvors. Guðrún og Margrjet greiði hvor fyrir sig málsvarnarlaun í hjerði með 3 kr.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir ákærðu, Þorfinnur Jónsson og Magnús Þorláksson, eiga að sæta 3 ára betrunarhússvinnu hvor þeirra; Jón Magnússon og Eyjúlfrur Símonarson sæti 4 ára betrunarhússvinnu hvor þeirra; Loptur Hansson og Hólmfríður Loptsdóttir sæti fangelsi við vatn og brauð, hann í 4×5 daga, og hún í 5 daga. Þorfinnur, Magnús og Loptur greiði *in solidum* iðgjöld til Guðmundar Guðmundssonar á Laugardælum að upphæð 23 kr. 52 aura, og sama manni greiði þeir Þorfinnur, Magnús, Eyjúlfrur og Jón *in solidum* sem iðgjöld 106 kr. 86 aura. Hinir sömu greiði og *in solidum* iðgjöld til Lefolli-verzlunar á Eyrarbakka með 288 kr. 12 aur. Hinar ákærðu Guðrún Jónsdóttir og Margrjet Guðmundsdóttir eiga að vera sýknar fyrir ákærum sóknarans í málinu, en talsmanni þeirra í hjerði, Þorvarði Guðmundssyni, greiði þær málsvarnarlaun 3 kr. hvor. Allan annan kostnað, er löglega hefur leitt af málinu, bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi, greiði Þorfinnur, Magnús, Eyjúlfrur og Jón *in sol-*

idum að $\frac{2}{8}$ hlutum, en Loptur og Hólmfríður að $\frac{1}{8}$ hluta einnig *in solidum*, og eru þar með talin málsvarnarlaun fyrir undirjetti til Þorvarðar Guðmundssonar, alls 18 kr., og málfutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafsteins, 25 krónur til hvors. — Ídæmd idgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 11/1887

Hið opinbera
gegna

Guðmundi Pjeturssyni og
Benjamín Jóhannessyni.

D ó m u r :

Með lögreglurjettardómi Strandasýslu, gengnum 1. júlí f. á., voru þeir hreppstjóri Guðmundur Pjetursson í Ófeigsfirði og Benjamín bóndi Jóhannesson á Krossnesi dæmdir fyrir að hafa brotið gegn fyrirmælum laga 16. desember 1885, er banna niðurskurð á hákarli í sjó milli Geirólfsgrnúps í Strandasýslu og Skagatáar í Húnavatnssýslu á tímabilinu frá 1. nóvember til 14. aprílmán. ár hvert, hinn fyrnefndi í 300 kr. sekt, hinn síðarnefndi í 135 kr. sekt, og skyldu sektirnar renna í hlutadeigandi sveitar sjóð, svo og til að greiða málskostnað allan, Guðmundur að $\frac{3}{4}$ hlutum, en Benjamín að $\frac{1}{4}$ hluta.